

6. gr.

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórn sjóðsins senda Ríkisendurskoðun reikninga sjóðsins fyrir næstliðið ár, ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári.

Stjórn sjóðsins skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá, sem er í vörslu dómsmálaráðuneytisins, hverjir skipi stjórn sjóðsins hverju sinni.

7. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum samkvæmt ákvörðun sjóðs-
stjórnar, en þó þannig að almennt gefist færi á að sækja um slíka styrki. Úthluta skal styrkjum árlega, en telji stjórnin það hagkvæmara má hún veita styrki á allt að 5 -fimm- ára fresti. Stjórnin skal halda gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

8. gr.

Eignir sjóðsins skulu varðveittar og ávaxtaðar á tryggilegan hátt og með sem hagstæð-
ustum kjörum á grundvelli verðtryggingar, enda verði verðbréf, sem sjóðurinn kann að kaupa ríkistryggð, en varðveita má féð jafnframt í arðvænlegum fasteignum telji stjórn sjóðsins það hagkvæmt.

9. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til breytinga á skipulagsskrá þessari.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til þess að leggja minningarsjóð þennan niður. Skal það þá gert annað hvort með lokaúthlutun samkvæmt framangreindum markmiðum sjóðsins eða með sameiningu hans við annan sjóð með sömu eða hliðstæð markmið. Ekki skal sjóðurinn lagður niður, nema ríka nauðsyn beri til þess að mati stjórnar hans.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 1996.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanneý Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjar-
stjórnar Vestmannaeyja hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður eru óheimilar austan megin Heiðarvegar frá gatnamótum Heiðarvegar og Strandvegar að Heiðarvegi nr. 5.

2. Felld er úr gildi ákvörðun um einstefnu til austurs á Foldahrauni milli húsa nr. 24 til 34.
 3. Ákveðið er að biðskylda skuli vera á horni Tangagötu og Básaskersbryggju ofan Eiðisvegur.
- Breytingar þessar taka þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 27. júní 1996.

Georg Kr. Lárusson.

SAMÞYKKT

um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er skipuð 11 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gjaldir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Valdsvið.

Bæjarstjórn fer með stjórn Ísafjarðarbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarfélagsins.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarfélagið taki að sér verkefni, sem varðar íbúa þess sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunar-